

Skil á hlutafjárupplýsingum til skattyfirvalda


Skatturinn minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjárupplýsingum vegna ársins 2024. Skila skal þessum upplýsingum með **rafrænum hætti** í gegnum gagnaskilakerfi Skattsins á þjónustusíðu á www.skattur.is.

Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2024, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2024 og **staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts** af honum. Upplýsingunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2024. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **20. janúar 2025**.

Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil þeirra á skattframtali 2025.



Aðgangur að gagnaskilakerfi Skattsins er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á www.skattur.is og krefst rafrænna skilríkja eða veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma **442 1000**.